

Ágæti bekkjarfulltrúi,

Fyrir hönd Foreldrafélags Álftanesskóla viljum við nota tækifærið og þakka þér fyrir að bjóða þig fram. Það er hverjum skóla mikilvægt að foreldrar sýni skólasamfélaginu áhuga og séu tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að efla starfið.

Á undanförunum árum hefur það verið eitt af markmiðum Foreldrafélagsins að skerpa á hlutverki bekkjarfulltrúa, mikilvægi þeirra og hlúa að jákvæðri ímynd. Er bréf þetta liður í þeirri vinnu en innan Foreldrafélagsins leggjum við áherslu á:

- Að a.m.k. tveir foreldrar sinni hlutverki bekkjarfulltrúa innan hvers bekkjar.
- Að staðið sé að skipulögðu bekkjarstarfi í samstarfi við foreldra, nemendur og umsjónarkennara a.m.k. tvisvar sinnum yfir skólaárið (haust og vor).
- Að stuðlað sé að góðu samstarfi bekkjarfulltrúa í sama árgangi varðandi skipulag bekkjarstarfsins og mögulega sameiginlega viðburði.
- Að bekkjarskemmtanir séu tækifæri fyrir foreldra og börn til að hittast og kynnast. Best er að þær séu haldnar með sem minnstum tilkostnaði og ekki er gert ráð fyrir hagnaði af þeim.
- Að umsjónarkennarar séu upplýstir um fyrirhugaðar bekkjarskemmtanir og þeim boðin þátttaka í þeim.
- Að bekkjarfulltrúar skipuleggi og fái foreldra til þátttöku í foreldrarölti vetrarins.
- Að bekkjarfulltrúar séu tengiliðir við stjórn Foreldrafélagsins og miðli upplýsingum frá félaginu til foreldra sé þess óskað.
- Að bjóða nýja foreldra og börn velkomin og hvetja foreldra til þátttöku í bekkjarstarfinu.
- Að bekkjarfulltrúar hvers árgangs haldi utan um Facebook-síðu árgangsins og uppfæri í samræmi við breytingar á bekkjarlistum.
- Að bekkjarfulltrúar leggi inn samantekt um starfið í skólalok.

Foreldrafélagið er aðili að Grunnstoð Garðabæjar sem er samstarfsvettvangur foreldrafélaga grunnskóla í Garðabæ en saman stöndum við m.a. að einum fræðslufyrirlestri yfir skólaárið auk þess sem við eigum áheyrnarfulltrúa í skólanefnd grunnskóla Garðabæjar.

Oft er sagt að lykillinn að árangursríku uppeldis- og forvarnarstarfi sé öflugt og gott samstarf foreldra. Stór þáttur í því er að foreldrar kynnist og nýti vettvang foreldrasamfélagsins til að láta gott af sér leiða. Bekkjarfulltrúar í Álftanesskóla gegna lykilhlutverki í þessu samhengi.

Með von um farsælt samstarf,
Foreldrafélag Álftanesskóla

Hér má sjá yfirlit yfir helstu verkefni Foreldrafélags Álftanesskóla:

Foreldrarölt 11. október 2017 – 3. maí 2018

Foreldrafélag Álftanesskóla stendur fyrir foreldrarölti á Álftanesi yfir skólatímann þar sem foreldrar barna frá 1.-10. bekk leggjast á eitt og skiptast á að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Foreldraröltið er framlag okkar foreldra til að gera samfélagið okkar betra og öruggara fyrir börnin. Á hverju hausti leggur stjórn Foreldrafélagsins fram upplýsingar um skipulag og framkvæmd röltisins og kynnir fyrirkomulag vetrarins fyrir bekkjarfulltrúum.

Jóla- og góðgerðadagurinn 2. desember 2017

Frá árinu 2009 hefur Foreldrafélag Álftanesskóla staðið að jóla- og góðgerðadeginum en markmiðið með deginum hefur verið að skapa vettvang í samfélaginu og leggja góðum málefnum lið. Öll helstu félagasamtök á Álftanesi hafa lagt verkefninu lið og tekið þátt í deginum með okkur á einn eða annan hátt. Nemendur og foreldrar ákveðinna bekkja í Álftanesskóla hafa komið að þessum degi með eftirfarandi hætti:

- 4. bekkur - tombóla/lukkuhjól. 1.-4. bekkur leggur til gjafir - ágóðinn rennur til góðgerðafélaga
- 5. bekkur - tískusýning þar sem nemendur sýna eigin hönnun úr endurnýttu efni - Grænfánaverkefni
- 6. bekkur - sala á jólamerkimiðum sem þeir hanna sjálfir - til styrktar skólaferð að Reykjum
- 7. bekkur - dekurhorn - til styrktar skólaferð að Reykjum
- 10. bekkur - kaffisala - til styrktar útskriftarferð að vori

Öskudagurinn 14. febrúar 2018

Foreldrafélagið, félagsmiðstöðin Elítan og Álftanesskóli hafa staðið sameiginlega að öskudagsskemmtun. Nemendur í 10. bekk ásamt bekkjarfulltrúum og foreldrum hafa komið að undirbúningi og framkvæmd dagsins en ágóði dagsins hefur runnið í ferðasjóð 10. bekkjanna.

Páskabingó 21. mars 2018

Á hverju vori stendur Foreldrafélagið fyrir páskabingói sem hefur verið ein helsta fjáröflun þess. Mun 8. bekkur aðstoða við skipulag og framkvæmd dagsins.

Stjórn Foreldrafélags Álftanesskóla 2017-2018

Anna María Snorradóttir
Bergþór Júlíusson
Bjarndís Helga Tómasdóttir
María Eliassen
María Fjóra Björnsdóttir
Ólöf Ösp Guðmundsdóttir
Sigurður Sigmarsson

Fulltrúar foreldra í skólaráði Álftanesskóla 2017-2018

Berglind Birgisdóttir
Þóroddur Björgvinsson

Ýmsar hagnýtar upplýsingar má finna á heimasíðu skólans undir:

<http://www.alftanesskoli.is/foreldrar/foreldrafelag>

Við erum líka á Facebook:

<https://www.facebook.com/foreldrafelagalftanesskola>